



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundaráðs

Efni: Úthlutun almennra styrkja skóla- og frístundaráðs árið 2021

Almennir styrkir skóla- og frístundaráðs eru auglýstir með öðrum styrkjum borgarinnar ár hvert. Fram kemur í auglýsingum að „... meðal markmiða styrkveitinga er að styrkja og efna til samstarfs við félagasamtök, fyrirtæki og einstaklinga um uppbyggilega starfsemi og þjónustu í samræmi við stefnumörkun, áherslur og forgangsröðun borgaryfirvalda“. Hvert fagsvið borgarinnar getur einnig haft sínar áherslur við úthlutun styrkja.

Umsóknir um styrki til skóla- og frístundaráðs 2021 voru **22** og heildarupphæð sem sótt var um **kr. 34.366.000.-** en til úthlutunar eru skv. fjárhagsáætlun **kr. 4,7 millj.**

Úthlutunarnefnd las yfir og lagði mat á þær umsóknir sem bárust um almenna styrki. Umsóknir eru metnar með hliðsjón af eftirfarandi:

- markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð
- hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf
- hvort unnt sé að meta framvindu verksins
- hvort skilagreinar og fyrri verkefni sem styrk hafa hlotið uppfylli lágmarkskröfur
- væntanlegum árangri og ávinningi fyrir umrædda starfsemi
- fjárhagsáætlun og greinargerð um aðra fjármögnun sem einnig skal fylgja umsókn
- hve vel þær falla að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og markmiðum um innleiðingu á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun

Úthlutunarnefnd gerir tillögu um að eftirfarandi verkefni hljóti styrki, í þeim tilfellum þar sem lagt er til veittur verði styrkur að hluta er skilyrt að styrkupphæð verði varið í tilgreinda þætti:

Nr.	Umsækjandi	Heiti verkefnis	Upphæð umsóknar	Tillaga	Útfærsla/skilyrði
1.	ADHD samtökin	Nám og tómstundir með ADHD	600.000	400.000	Samstarf um 4 – 5 námskeið fyrir starfsfólk grunnskóla og frístundastarfs.

2.	Alexía Björg Jóhannesdóttir	Kynfræðsla Pörupilta	4.100.000	500.000	Styrkfjárhæð verði nýtt til að greiða niður þátttöku 9. og 10. b. í grunnskólum Rvk.
3.	Arnar H. Önnuson	Myndasögunámskeið í félagsmiðstöðvum	280.000	280.000	Styrkfjárhæð verði nýtt til að greiða fyrir myndasögunámskeið í félagsmiðstöðvum
4.	Daníel Sigríðarson	Smá sirkus	2.430.000	500.000	Upphæðin verði nýtt til að greiða fyrir eina sýningu í hverju hverfi.
5.	Dansgarðurinn	Dansað við enda regnbogans	1.900.000	310.000	Styrkurinn verði nýttur til að greiða hluta af kostnaði við laun danskennara.
6.	Helga Hreiðarsdóttir	Gróðurhús sem náms-umverfi	400.000	200.000	Styrkurinn verði nýttur til að styðja við notkun gróðurhúss sem náms-hverfi í Dalskóla.
7.	Hrafnaspark ehf.	Bambahús	2.000.000	500.000	Upphæðin verði nýtt til að innleiða notkun gróðurhúss í 3 leiksk.
8.	Julia Hantschel	Hviða í borginni	600.000	400.000	Upphæðin verði nýtt til að greiða hluta kostnaðar v. skólaheimsókna.
9.	Landssamband slökkviliðsmanna	Eldvarnarátak 2021	300.000	300.000	Upphæðin verði nýtt til að greiða kostnað vegna fræðslu um eldvarnir í 3. bekk grunnskóla Rvk.
10.	Móðurmál – samtök um tvítyngi	Hýsing gagna í Gegni	210.000	210.000	Upphæðin verði nýtt til að greiða kostnað vegna hýsingu gagna í Gegni.
11.	Móðurmál – samtök um tvítyngi	Stuðningur við móðurmálshópa	350.000	150.000	Upphæðin verði nýtt til að kaupa bækur og námsgögn á erlendum tungumálum.
12.	Ólafur B. Ólafsson	Fuglasöngleikur	400.000	200.000	Upphæðin verði nýtt til að greiða hluta launakostnaðar.
13.	Heimili og skóli	6. bekkjar fræðsla SAFT	1.000.000	250.000	Upphæðin verði nýtt til að greiða kostnað vegna heimsókna og fjarfunda.
14.	Rithöfundasamband Íslands	Skáld í skólum	600.000	500.000	Upphæðin verði nýtt til að greiða niður kostnað grunnskóla í Rvk. vegna heimsókna rithöfunda.
	Samtals			4.700.000	

Almennir styrkir 2020 - yfirlit yfir umsóknir

Nr.	Umsækjandi	Heiti verkefnis	Markmið verkefnis	Skólastig	Upphæð umsóknar	Tillaga
1	ADHD samtökin	Nám og tólmstundir með ADHD	Bjóða öllum grunnskólum og frístundamiðstöðvum Reykjavíkur sérsniðna fræðslu um ADHD og hvernig best má koma til móts við þarfir barna með ADHD í skóla- og frístundastarfi.	grunnskóli	600,000	400,000
2	10 fingur	Stúlkan sem stöðvaði heiminn	Bjóða 5. bekk í grunnskólum borgarinnar til okkar í Borgarleikhúsið á sýninguna "Stúlkan sem stöðvaði heiminn" og fá að henni lokinni skapandi og hugvekjandi fræðslu um endurvinnslu	grunnskóli	3,700,000	0
3	Alexía Björg Jóhannesdóttir	Kynfræðsla þörupilta	Gerð sjónvarpsþátta sem miða að því að fræða og styrkja ungt fólk, efla og afhelga umræðu um kynlíf á fyndin og skemmtilegan hátt.	grunnskóli	4,100,000	500000
4	Arnar Heiðmar Önnuson	Myndasögu-námskeið í félagsmiðstöðvum	Markmið að að veita ungmennum og tánungum aðstoð við að kveikja áhuga á miðlinum. Myndasögukenningar eru fáir hér á landi og er því bráðnausynlegt að búa til fría félagsviðburði fyrir komandi kynslóð til þess að efla þeirra skilning og notkun á myndasögum.	frí	280,000	280000
5	Ásgerður Arna Sófusd.	Elfur ráðgjöf	Gera umönnunaraðilum, starfsfólki skóla og dagforeldrum kleift að átta sig á og mæta þörfum barna fyrir örugg tengsl.	leik/grunn	800,000	0
6	Daníel Sigríðarson	Smá sirkus	Eins manns sirkus sýning í alla leikskóla borgarinnar.	leikskóli	2,430,000	500000
7	Dansgarðurninn	Dansað við enda regnbogans	Efla andlega og líkamlega heilsu barnanna, styður undir alla grundvallarþætti menntastefnu í Reykjavík. Unnið í samstarfi við Fellaskóla og Breiðholtsskóla. Danstímar fyrir 5. - 7. bekk þar sem unnið er að því að skapa sameiginlegt dansverk með lokasýningu á Barnamenningarhátíð.	grunnskóli	1,900,000	310000
8	Helga Hreiðarsdóttir	Gróðurhús sem námsumhverfi	Markmiðið er að nýta mannauð hverfisins, bæði foreldra og fyrirtæki til þess að setja upp fjölbreytt og nytsamlegt námsumhverfi ræktunar fyrir leikskólabörn Úlfarsárdals.	leikskóli	400,000	200000
9	HIV - Ísland	Fræðslu- og forvarnarverkefni	Skipulögð fræðsla um HIV/alnæmi og aðra kynsjúkdóma fyrir nemendur 9. og 10. bekkja í grunnskólum landsins.	grunnskóli	1.000.000	0

Nr.	Umsækjandi	Heiti verkefnis	Markmið verkefnis	Skólastig	Upphæð umsóknar	Tillaga
10	Hrafnaspark ehf	Bambahús	Markmiðið er að smíða gróðurhús fyrir leikskóla, dvalar- og hjúkrunarheimili og aðrar stofnanir ríkisins sem hlúa að samfélaginu. Fyrirtæki með mötuneyti geti verið sjálbær með grænmeti og kryddjurtir ásamt kennslu í ræktun o.fl.	leikskóli	2,000,000	500000
11	Ingunn Jónsdóttir	Flautubókin mín 3	Markmið bókarinnar er að kenna börnum að spila á þverflautu	frí	2,000,000	0
12	Julia Hantschel	Hviða í borginni	Introducing classical music and its instruments to children in primary schools and raising awareness and appreciation for wind quintet music by performing in different places around Reykjavík in an inspiring and unusual setting (in this case in museums)	frí/grunn	600,000	400000
13	Landsamband slökkviliðs/sjúkraflutn.	Eldvarnarátak 2020	Fræða öll átta ára börn um eldvarnir og öryggi heimilisins og kynna þeim neyðarnúmerið 112.	grunnskóli	300,000	300000
14	Móðurmál - samtök um tvítýngi	Hýsing gagna í gegni	Markmiðið er að gera bókasafn samtakanna sýnilegt og aðgengilegt fyrir börn af erlendum uppruna	grunnskóli	210,000	210000
15	Móðurmál - samtök um tvítýngi	Stuðningur við móðurmálshópa	Styrkja móðurmálshópa. Þjóða hópum uppá styrki við námsefniskaup. Þjóða hópstjórum þóknun fyrir tímafrekt og ósýnilegt starf þeirra.	grunnskóli	350,000	150000
16	Námsflæði ehf	Evolytes námskerfið í grunnskólum Reykjavíkur	Að innleiða og útfæra sérstaka útgáfu af Evolytes námskerfinu sem nun hámarka árangur barna í stærðfræði í grunnskólum borgarinnar. Námskerfið byggir upp trú barna á eigin hæfni, eykur sjálfsöryggi og hámarkar árangur þeirra í námsefninu.	grunnskóli	9,000,000	0
17	Ólafur B. Ólafsson	Fugasöngleikur	Æfa söngleik og flytja síðan í hátíðarsal skólans. Efla fjölbreytni innan veggja Klettaskóla með listrænum kennsluháttum.	grunnskóli	400,000	200000
18	Rithöfundasamband Íslands	Skáld í skólum 2021	Markmið verkefnisins er að kynna ævintýrlegan heim bókmenntanna fyrir grunn- og leikskólabörnum, veita þeim innsýn í sköpunarferlið og innblástur til að lesa með skapandi og frjóum hætti.	grunnskóli	600,000	500000
19	Róttin - félag um málefni kvenna	Áfallamiðað skólastarf - Námskeið	Markmiðið er að breyta skólamenningu og auka skilning á vanda nemenda sem búa við áhrif áfalla í lífi sínu.	grunnskóli	536,000	0
20	Heimili og skóli -Sigurður Sigurðsson	6. bekkjar fræðsla SAFT	Markmiðið er að tryggja alla 6. bekkinga um kosti og galla internetsins og hvernig þau eiga að haga sér í mismunandi aðstæðum.	grunnskóli	1,000,000	250000

Nr.	Umsækjandi	Heiti verkefnis	Markmið verkefnis	Skólastig	Upphæð umsóknar	Tillaga
21	SÍM-Samband ísl. myndlistarmanna	Mánuður myndlistar 2021	Einn veigamesti hluti af dagskrá mánaðarins eru skólakynningar myndlistarmanna í grunn- og framhaldsskólum í Reykjavík. Kynningar listamannana hafa heppnast mjög vel og eru orðnar árviss viðburður.	grunnskóli	1,000,000	0
22	Unnur Valdís / Flothetta ehf	Flotslökun fyrir ungmenni í Reykjavík	Markmiðið er að kynna tyrir ungu fólki flotslökun sem valmöguleika til að stuðla að andlegur jafnvægi og vellíðan.	grunnskóli	2,160,000	0
	Samtals				34,366,000	4,700,000

ALMENNIR STYRKIR

Reglur um úthlutun almennra styrkja skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur

1. Markmið með styrkjum skóla- og frístundaráðs er að styrkja ýmis verkefni og starfsemi sem á einn eða annan hátt styður við eða stuðlar að bættu starfi á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur.
2. Skóla- og frístundaráð skipar úthlutunarnefnd sem fer yfir allar umsóknir og metur þær. Í henni eiga sæti 3 fulltrúar frá fagskrifstofu leik-, grunn- og frístundamála SFS og fulltrúar fagfélaga, stjórnenda og háskólasamfélagsins í hverjum málaflökki. Nefndin gerir tillögur til skóla- og frístundaráðs um hvaða verkefni fá styrk og um styrkuppþæð.
3. Árleg framlög eru ákveðin í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar. Framkvæmdastjórn SFS ákveður skiptingu fjármagns til einstakra málaflokka (leikskóla, grunnskóla, frístundastarfs og tónlistarskóla)
4. Umsóknir skulu hafa borist fyrir 1. október ár hvert og skal umsóknum skilað á sérstökum eyðublöðum sem er að finna á <http://www.reykjavik.is/styrkir>. Styrkir skulu afgreiddir fyrir lok janúar ár hvert. Hafi umsækjendur áður fengið styrki skulu liggja fyrir skilgreinar um nýtingu fyrri styrkja.
5. Umsóknir eru metnar með hliðsjón af a) markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð; b) hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf; c) hvort unnt sé að meta framvindu verksins og d) væntanlegum árangri og ávinningi fyrir skóla- og frístundastarf. Úthlutunarnefnd leitar álits sérfræðinga ef hún telur þörf á.
6. Skóla- og frístundasvið og hver styrkþegi gera með sér skriflegan samning um verkefnið sem hlýtur styrk þar sem fram koma m.a. skilgreindir áfangar og tímasetningar, umsjónarmenn og áætluð verklok. Einnig skal tilgreindur heildarfjárstyrkur til verksins, hvernig staðið skuli að greiðslum og lokauppgjöri. Lokauppgjör á sér stað þegar styrkþegi hefur skilað greinargerð um ráðstöfun styrkfjár. Sé skriflegur samningur ekki undirritaður 6 mánuðum eftir úthlutun er litið svo á að styrkþegi hafni styrknum.
7. Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til að rifta samningum, afturkalla styrkloforð og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu styrkþega.
8. Greiðslur úr sjóðnum skulu að jafnaði vera þannig að a) helmingur af styrkuppþæð greiðist við undirritun samnings; b) seinni helmingur styrkuppþæðarinnar greiðist þegar greinargerð um ráðstöfun styrkfjár hefur verið skilað.
9. Skóla- og frístundasvið getur óskað eftir því við styrkþega að þeir kynni verkefni sín.
10. Árlega skal úthlutunarnefndin leggja skýrslu fyrir skóla- og frístundaráð þar sem gerð er grein fyrir úthlutunum síðastliðið reikningsár.